

Velkomin til Ciudad Quesada

sólskinsbæjar á Spánarströnd

Velkomin í hús Orlofssjóðs SFR í Quesada bænum. Í þessari möppu eru hagnýtar upplýsingar af ýmsu tagi og ábendingar um allt mögulegt skemmtilegt til að gera og fara í bænum og nágrenni hans. Í húsinu er gestabók og þar er tilvalið að bæta við ábendingum fyrir næstu gesti.

Með ósk um ánægjulega daga í Quesada,
Orlofssjóður SFR



Ferðin, lyklar, aukþjónusta og mikilvæg símanúmer	2
Hvernig kemst ég þangað?	2
Hvar er húsið?	2
Lyklamálin	2
Mikilvæg símanúmer	2
Aukþjónusta ef óskað er	3
Komin á staðinn, næsta nágrenni og samgöngur	3
Næsta nágrenni	3
Leigubílar	3
Bílaleigubílar	4
Reiðhjólaleiga	4
Húsið og húsbúnaður	5
Leigutímabil	5
Lýsing á húsinu	5
Miðbærinn, þjónustukjarnar og afþreying	8
Kjarninn við Hótel La Laguna	10
Heilsulind Spa á Hótel La Laguna	10
Kjarninn á Avenida del Mar	11
Kjarninn kringum veitingahúsið Antica Italia	11
Áhugaverðir áfangastaðir í nágrenni Quesada	12
Hótel La Laguna, íbúðir og herbergi	15
CLUB FOR LIVING	15
Kort af Ciudad Quesada með kennileitum	16

Ferðin, lyklar, aukapjónusta og mikilvæg símanúmer

Hvernig kemst ég þangað?

Einfalt er að taka leigubíl frá flugvellið í Alicante að húsinu. Það er þægilegt og gott, sérstaklega ef komið er að nóttu til. Aksturinn kostar um 70 evrur og svo er gott að gefa bílstjórum smá þjóf. Það tekur röskan hálf tíma að keyra frá flugvellið og til Quesada.

Einnig er hægt að panta bílaleigubíl á flugvellið og skila honum þar aftur. Þeir sem kjósa frekar að taka bíl í Quesada bænum geta líka skilað honum á flugvellið, sjá nánar síðar um bílaleigu í Quesada.

Hvar er húsið?

Heimilisfangið er: **Calle numero 5, no. 30, Samara Residential** og húsið/íbúðin er merkt númer 5.
03170 Ciudad Quesada, Rojales, Alicante.



Lyklamálin

Lyklar eru afhentir á skrifstofu **SFR** fyrir brottför, nema að um annað sé samið fyrirfram (aukaþjónusta, sjá hér fyrir neðan). Vinsamlegast skilið lyklum á skrifstofuna eins fljótt og hægt er eftir heimkomu.

Mikilvæg símanúmer

Umsjón með húsinu hafa Birna Guðmundsdóttir, sími **+354 6993665**
Netfang Birnu er **birna@euromarina.es**
og Kristján Sveinsson í síma **+354 6902665**, **kristjan@euromarina.es**

Leigubíll: **+34 637 28 98 14** eða **+34 617 55 54 44**
Lögregla og sjúkrabíll: **112**

Aukþjónusta ef óskað er. Greiðist á staðnum.

Tekið á móti gestum í íbúð, pantað fyrirfram, dagur/nótt	30/50 €
Lyklaafhending, neyðarþjónusta og útkall, dagur/nótt	50/70 €
Akstur frá flugvelli að íbúð, pantað fyrir fjóra / fyrir átta	50/70 €
Áfylling á ísskáp	40 €

Áfylling á ísskáp er 6 lítrar vatn, 2 lítrar mjólk, 6 dósir jógúrt, kaffi, brauð, smjör og ostur.

Sendið tölvupóst til umsjónarmanns um leið og bókun fer fram, netfangið er birna@euromarina.es

Komin á staðinn, næsta nágrenni og samgöngur

Næsta nágrenni

Húsið stendur í íbúðahverfi í austurhluta Quesada bæjarins, á horninu á Calle numero 5 og Av. de Argentina. Það er merkt inn á **KORT** sem fylgir, ásamt fleiri góðum stöðum. Bærinn er rólegur og fallegur, með nokkrum þjónustukörnum. Stærsti kjarninn er miðbærinn, þar er **Laugavegurinn** svokallaði, Avenida de las Naciones. Þar eru flestir veitingastaðanna, bílaleigur, hjólaleigur og margar verslanir, en auk þess hárgreiðslustofa, tannlæknastofa, apótek og fleira.

Aðrir þjónustukjarnar eru kjarninn neðst í götunni **Avenida del Mar** í göngufæri frá húsinu okkar, kjarninn við ítalska veitingahúsið **Antica Italia**, og svo kjarninn í kringum **Hótel La Laguna**.

Um tíu til fimmtán mínútna akstur er niður á strönd, til dæmis við **Guarda Mar**, sjá kort síðar. Það tekur um fimmtán mínútur að aka til strandbæjarins Torrevieja og um hálf tíma að aka til **La Zenia** sem er stærsta verslunarmiðstöð héraðsins með fjölda verslana, veitingastaða og skemmtigarði fyrir börn.

Leigubílar

Leigubílar eru þægilegur ferðamáti.

Leigubíll: **+34 637 28 98 14** eða **+34 617 55 54 44**

Bílaleigubílar

Best er að vera á bílaleigubíl, bæði innanbæjar og líka til að heimsækja skemmtilega staði í nágrenninu.

OPENCAR er bílaleiga með góða þjónustu. Afgreiðslan er neðarlega við Laugavegin, Avda. de las Naciones, 1-A L-24. Beygt er inn hjá stóru bensínstöðinni, sjá myndir.

Hægt er að taka bíl frá þeim úti á flugvelli í Alicante og þar má líka skila bílum frá **OPENCAR**



RENT A CAR
OPENCAR

Sími: +34 965 72 54 52

Netfang: info@opencar.es

Vefsíða: <http://www.opencar.es/en/>



Reiðhjólaleiga

Cyclogical reiðhjólaleigan er í miðbænum, við götuna Calle los Arcos númer 7, sem liggur þvert á Laugavegin, beygið til vinstri rétt innan við borgarhliðið inn í miðbæinn. Þarna er hægt að leigja hjól fyrir alla fjölskylduna. Hjálmar og pumpa fylgja.

Vefsíða: www.cyclogicalcostablanca.com

netfang: info@cyclogicalcostablanca.com og sími +34 637 48 73 77.



Húsið og húsbúnaður

Leigutímabil

Sunnudagar eru skiptidagar.



Leigjandi hefur afnotarétt af húsinu frá **kl. 18.00** á komudag til **kl. 12.00** á brottfarardag.

Hægt er að útvega flugvallarakstur við brottför. Pantið með fyrirvara hjá Birnu eða Kristjáni, umsjónaraðilum.

Lýsing á húsinu

Gengið er inn á aðalhæðina en húsið er á þremur hæðum og auk þess er verönd á þakinu. Á aðalhæð, fyrstu hæð, er eldhús, borðstofa og stofa og þar er gestasalerni. Á veröndinni fyrir utan er grill, borð og sex stólar og tveir sólstólar eru í garðinum. Í kjallara er sjónvarpshol með svefnsófa fyrir tvo og hjónaherbergi með baði. Á annarri hæð eru tvö hjónaherbergi með svölum og baðherbergi. Af svölunum er gengið upp á þriðju hæð eða upp á þakverönd, með sófasetti, tveimur sólbekkjum, borði og tveimur stólum. Þar verður innan skamms komið sólskyggni yfir, sturta og ísskápur.

Það eru stigar á milli hæða og verða sett öryggishlið fyrir ofan og neðan stigana milli fyrstu og annarrar hæðar og milli fyrstu hæðar og kjallara.



Gistimöguleikar eru að hámarki fyrir átta manns, auk þess sem ferðabarnarúm fyrir smábarn er í svefnherbergi á annarri hæð. Alls þrjú hjónaherbergi með rúmum sem eru 150x190, svefnaðstaða fyrir tvo í svefnsófa og barnaferðarúm sem fyrr segir.

Húsið er á endalóð með finni sameiginlegri útiaðstöðu og góðri sundlaug sem við deilum með fleiri húsum. Gestir hafa fullan aðgang að útisvæði og sundlauginni, en sýnum öðrum íbúum þá tillitssemi að skilja ekkert eftir við laugina þegar ekki er verið þar. Bílastæði er við húsið inn á lokaðri lóð og einnig er hægt að leggja við götuna.



Búnaður

Í eldhúsi er allur almennur búnaður, uppþvottavél og ísskápur. Borðbúnaður er fyrir 12. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Barnaferðarúm og barnastóll er í húsinu. Einnig barnasæng og koddur. Stofusófinn er jafnframt svefnsófi ef þörf er fyrir fleiri rúm.

Sjónvarp er á aðalhæð og í kjallara, DVD og útvarp með geislaspilara.

Þvottavél og þurrkari eru í þvottaskáp, sem gengið er inn í af verönd við eldhúsið. Þar eru líka hreinsiefni, viskustykki, tuskur og gólfmoppur. Lykill að þvottaskápnunum er með öðrum lyklum í eldhúsi.

Vatnsflöskur eru í ísskáp og klósettpappírur á salernum þegar fólk kemur en að öðru leyti sér fólk um þetta sjálf meðan það dvelur í húsinu.

Internet og sjónvarp

Leiðbeiningar með sjónvarpi og tengingu við internetið eru við tækin á báðum hæðum.

Vinsamlegast gangið frá sjónvarpi við brottför þannig að næsti maður geti bara kveikt á tækinu en þurfi ekki að stilla og tengja allt upp á nýtt.

Grill

Gasgrill fylgir húsinu og biðjum við gesti að láta umsjónaraðila alltaf vita þegar gas klárast og jafnvel bæta úr því sjálf og rukka svo félagið, þar sem ekki er leyfilegt að hafa aukakúta á staðnum.

Almenn umgengni

Reykingar eru ekki leyfðar inni í húsinu. Gildir þetta líka um rafrettur. Þeir sem reykja eru beðnir að reykja eingöngu útivið og ganga snyrtilega frá eftir sig.

Loftkæling, gólfhiti og öryggiskerfi

Loftkæling á öllum hæðum og viljum við benda fólki á að slökkva á henni við brottför. Gólfhiti er í húsunum en hans er einungis þörf yfir háveturinn. Vinsamlega hafið í huga yfir vetrartímann að hitinn rýkur út ef hurðir standa opnar og þá getur tekið langan tíma að hita húsið aftur.

Öryggiskerfi er á húsinu sem kveikir á sér sjálfvirk á miðnætti og slekkur á sér kl. sjö á morgnana.

Þrif og frágangur við brottför

Þrif á húsinu eru innfalin í leiguverði en ganga verður frá öllum þvotti í þar til gerðar körfur. Allur rúmfatnaður er til staðar í húsinu við komu en fólk þarf að setja utan um sjálf og taka utan af öllu við brottför og setja í körfur sem eru á hverri hæð í húsinu. Einnig sköffum við handklæði bæði lítil og stór og þarna eru líka fjögur strandhandklæði. Gangu skal frá öllum búnaði á sinn stað fyrir brottför og þurrka af borðum. Þvo allt leirtau og koma upp í skápa og slökkva á uppþvottavélinni.

Miðbærinn, þjónustukjarnar og afþreying

Laugavegurinn (Av. de las Naciones) og miðbærinn

Miðbærinn í Quesada laðar til sín marga gesti. Þar eru margir veitingastaðir og verslanir á Laugaveginum (Av. de las Naciones) og hliðargötum, en neðst við Laugavegin er borgarhliðið. Allskonar þjónusta er líka í miðbænum, svo sem bílaleigan **OPENCAR**, og afþreying eins og minigolf, bowling-höll og líkamsræktarstöð sem allar eru við götuna Calle los Arcos sem liggur þvert á Laugavegin strax innan við borgarhliðið.

Af góðum veitingastöðum má nefna **Day and night**, **Banana Tree**, **Amstellería** og fleiri. Góð stórverslun með matvöru er rétt utan við borgarhliðið og nefnist **Masymas**.



Minigolf-völlur er í botni götunnar Calle los Arcos, beygið til vinstri strax innan við borgarhliðið inn í miðbæinn. Þarna er líf og fjör og íslenski minigolf-klúbburinn hittist þar. Síminn er +34 966 189 599.



Snóker og Bowling höllin (Quesada Bowling) stendur einnig við Los Arcos götuna og er nr. 15. Þar er einnig hægt að una sér við Dart leik og fá sér að borða. Þar við hliðina nánast er líkamsræktarstöðin **Elite Fitness** og hægt að fá bæði vikukort og aðgang í einn dag eða tvo.



Kjarninn við Hótel La Laguna

Þessi bæjarkjarni er í rösklega hálf tíma göngufjarlægð frá húsinu svo best er að fara á bíl þangað. Við **La Laguna** eru nokkar verslanir og apótek, bar og veitingastaðir auk þess sem veitingastaður og bar eru á hótelinu sjálfu með prýðisgóðan mat að degi sem kvöldi. Veitingastaðir sem við þekkjum eru:


Restaurante Pizzería 222, með dásamlegar pizzur og fleira, stendur við Calle Presidente de la Generalitat, í verslunarhúsinu fyrir neðan Hótel La Laguna <http://www.pizzeria222.com/dona-pepa/>

Indian Ocean, fallegur staður með mjög góðan indverskan mat, við götuna Calle Mallorca, 25, sem er neðan við verslunarhúsin, frá hótelinu séð <http://indianoceanrestaurante.com/>



Heilsulind Spa á Hótel La Laguna

Hér er margvísleg þjónusta, nudd og heilsu meðferðir, snyrting, förðun og potta- og gufuböð úr öllum áttum. Sjá <http://hotellalaguna.com/en/spa/> og tímapantanir eru í síma 34 965 725577



Kjarninn á Avenida del Mar

Gangið út götuna Calle numero 5 til vesturs og beygið til vinstri niður götuna Av. del Mar. Við neðri endann á þessari götu er þjónustukjarni, m.a. matvöruverslun (supermercado), bar og tveir veitingastaðir.

Annan staðinn höfum við heimsótt, hann heitir **Budapest**, og er á horninu á Av. del Mar og Av. Antonio Quesada, 1. Þarna er lifandi tónlist að kvöldinu, fjölbreyttur matseðill og góður matur.




Kjarninn kringum veitingahúsið Antica Italia

Þessi litli kjarni ofarlega í Quesada bænum leynir á sér. Þar er verslun sem hefur á boðstólum lifrarkæfu og fleira sem Dönum og Svíum þykir gott, enda búa margir Norðurlandabúar á þessu svæði.

Bar á efri hæð verslunarhússins er líflegur á kvöldin og sumir skella sér karaóki. Á milli barsins og ítalska veitingahússins er lítill staður, vinsæll fyrir ódýran og góðan mat um miðjan dag.

Aðalstaðurinn er veitingahúsið Antica Italia, við Av. Antonio Quesada, 1. Á sumrin er þétt setið á veröndinni á þakinu þar sem gestir njóta útsýnisins og sólarlagsins, borða heimagert pasta eða dýrindis snitzel. Á veturna er vinsælt að sitja inni við niðri og ylja sér við arininn ef kular með kvöldinu. Ráðlegt er að panta borð í síma +34 966 71 87 37.




Áhugaverðir áfangastaðir í nágrenni Quesada

Guardamar del Segura er smábær við stöndina og þangað er aldeilis upplagt að keyra og njóta þess að fara í sjóinn og sóla sig. Hægt er að leigja sólbekki - eða grípa með sér léttu bekkina í húsinu - og þar eru veitingastaðir, sturtur og góð aðstaða. Það tekur um korter að keyra til Guardamar úr húsinu.



Aqua-Park er fjörugur og fallegur vatnsleikjagarður fyrir alla aldurshópa, hér í næsta nágrenni. Í Aqua-Park eru rennibrautir, sundlaugar, leikjagarður og veitingastaðir og auðvelt að eyða hér ljúfri dagsstund. Opið er yfir sumarmánuðina, athugið opnunartíma á vefsíðunni www.aquaparkrojales.es Aqua-Park er í 7 mínútna akstursfjarlægð, heimilisfangið á google maps er Quesada Aquapark.





Golf – Allir ættu að finna völl við sitt hæfi – La Marquesa er í u.þ.b. 5 mín. akstursfjarlægð frá húsinu. Á Costa Blanca svæðinu eru einnig vellirnir; La Finca, Los Colinas, Campomar og Villa Martin.

Tívolí og sirkus – yfir sumarmánuði má finna farandsýningar eins og tívolí og sirkus í flestum bæjum og borgum á Spáni. Þeir eru yfirleitt nokkra daga í senn á hverjum stað og yfirleitt auglýstir á áberandi hátt með veggspjöldum. Í miðbæ Torrevieja við standlengjuna er einnig starfrækt tívolí allt árið.

Aqualandia vatnsgarðurinn er á Benidorm. Margar sundlaugar og stórum rennibrautir fyrir alla aldurshópa. Sjá nánar á www.aqualandia.net

Terra Natura eru skemmtilegur **dýragarður** í Murcia, en þar ferðast gestir heimshorna og heimsálfa á milli með stuttri göngu gegnum garðinn og fræðast um dýr, landshætti og menningu. Annar slíkur er á Benidorm. Sjá nánar á: <http://murcia.terrannatura.com/en/index.php>

Verslunarmiðstöðvar á svæðinu

Zenia - verslunarmiðstöðin er stærsta verslunarmiðstöðin í héraðinu, glæný og glæsileg. Zenia er í sömu átt og Torrevieja og tekur um xxx að keyra þangað. Verslunarmiðstöðin er eins og smábær, með stóru torgi í miðju og verslunar- og veitingahúsum í húsum á tveimur hæðum sem mynda stjörnu um torgið. Þarna eru mörg velþekkt tískumerki, stór íþróttavöruverslun, fjölmargir veitingastaðir, leikjagarður fyrir litlu börnin, leikjahöll fyrir fullorðna og skemmtidagskrá, sjá á vefsíðu <https://zeniaboulevard.es/en/home>



Habaneras er stór verslunarmiðstöð næst okkur. Þar má finna öll helstu merkin í tiskuvörubransanum. Miðstöðin er aðgengileg og gott að versla í henni.

Carrefour er stór verslun með matvöru og sérvöru.

El Corte Ingles er stórt vöruhús staðsett í Elche.

Lydl er lágvöruverslun með mikið af umhverfisvænum vörum, nýbökuðu brauði og bakkelsi.

Mercadona Gott verð, kjöt og fiskvara.

Consum Gott verð gott vöruúrval kjöt og fiskvara.

Masymas Gott verð, gott vöruúrval kjöt og fiskvara.

Í miðbæ **Torrevieja** eru götumarkaðir um helgar. Þar er að finna allt milli himins og jarðar, fatnað, skó, búsáhöld, vefnaðarvöru, grænmeti og ávexti og fleira.

Hótel La Laguna, íbúðir og herbergi

Ef gestir vilja vera lengur í Quesada bænum þá býður Hótel La Laguna dvalargestum SFR góð kjör á hótélíbúðum og á herbergjum á hótelinu. Sendið fyrirspurnir á skrifstofu SFR og fáið upplýsingar.

CLUB FOR LIVING

Gestum okkar býðst að nota sérstakt gestakort frá **CLUB FOR LIVING** meðan á dvöl þeirra stendur. Kortið veitir handhafa þess margskonar kjör og afslætti hjá þjónustuaðilum og fyrirtækjum á svæðinu. Sjá <http://www.euomarina.com/is/club-for-living>

Mikilvægt er að gestir skili kortinu aftur í möppuna. Án korts geta næstu gestir ekki nýtt sér tilboðin.



Kort af Ciudad Quesada með kennileitum

